

Rætt við Þorvald Guðmundsson

Þorvaldur er fæddur 9. Desember 1911 að Holti undir Eyjafjöllum. Foreldrar hans voru Katrín Jónsdóttir og Guðmundur Þórarinn Sveinbjörnsson. Þorvaldur fluttist með móður sinni til Reykjavíkur árið 1913 og ólst upp hjá henni. Þau bjuggu á ýmsum stöðum í bænum þangað til þau byggðu hús við Barónsstíg 51. Þorvaldur var í kvölddeild Verzlunarskóla Íslands, og veturinn 1928-1929 var hann í Héraðsskólanum við Laugarvatn. Hann réðst ungur til starfa hjá Sláturfélagi Suðurlands og gegndi þar trúnaðarstörfum allt til þess að hann ákvað að fara til útlanda árið 1934 til þess að læra niðursuðu matvæla. Til þess var hann studdur af Helga Bergs, þáverandi forstjóra Sláturfélags Suðurlands. Fyrst fór Þorvaldur til Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins í Altona í Þýzkalandi og var þar í eitt ár. Þá komst hann til Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins í Kaupmannahöfn og fór síðar til samskonar stofnunar í Stafangri. Þaðan kom hann heim í árslok 1935. Á námsferlinum erlendis vann Þorvaldur einnig í allmörgum verksmiðjum í löndunum þremur.

Árið 1936 fór Þorvaldur til Ísafjarðar og setti þar upp rækjuverksmiðju, sem Bæjarstjórn Ísafjarðar stofnaði. Þorvaldur var forstjóri rækjuverksmiðjunnar á Ísafirði til ársins 1937. Þá réðst hann til Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda í Reykjavík og hafði umsjón með byggingu og skipulagningu niðursuðuverksmiðju SÍF við Lindargötu 46-48. Þorvaldur var forstjóri verksmiðju SÍF frá 1938-1944. Á þessu tímabili veitti hann einnig aðstoð við að koma upp niðursuðuverksmiðju á Bíldudal, Akranesi og í Vestmannaeyjum. Árið 1943 keypti Þorvaldur húseign og lóð við Bergstaðastræti 37. Þar stofnaði hann fyrirtækið Síld og Fiskur, fyrst í félagi við Steingrím Magnússon, en síðar varð Þorvaldur einn eigandi þess. Verslunin Síld og Fiskur var opnuð 5. apríl 1944.

Seinna stækkaði Þorvaldur athafnasvæði sitt við Bergstaðastræti. Hann keypti Bergstaðastræti 35, 39 og 41 og einnig nr. 32 þar sem síðar varð bílastæði.

Í samtölum við Þorvald í febrúarmánuði 1981 var einungis rætt um þann þátt í ævistarfi hans, sem varðar gisti- og veitingamál. Örtstutt æviágrip hans nær þess vegna einungis fram til grundvallarins, sem lagður var að störfum að veitingamálum, en hann var í tengslum við verslunina Síld og Fiskur við Bergstaðastræti 37.

Þorvaldur sagði:

„Upphaf veitingamennsku minnar

má e.t.v. rekja til þess að nokkru eftir að við opnuðum Síld og Fisk fórum við að selja þaðan smurt brauð, smárétti og nestisþakka. Við höfðum reynt að sérhæfa okkur í fisk- og síldaréttum. Það tókst nógu vel til þess að þeir urðu mjög vinsælir. Það leiddi til þess að við ákváðum árið 1946 að setja upp matbar á Bergstaðastræti 37, sem við opnuðum í ágústmánuði 1946. Þetta var lítill veitingastaður en þökkalegur. Gólfrymi var ekki nema um 32 fermetrar,

Við reyndum að sérhæfa okkur í að bjóða ljúffenga rétti en höfðum á boðstólum allar almennar veitingar. Við opnuðum matbarinn klukkan átta á morgnana og lokuðum hálf tólf á kvöldin. Hjá okkur unnu 5 manns. Sæti voru fyrir 16 gesti. Þó að þessi starfsemi gengi sémilega taldi ég síðar arðvænlegra að nota húsrýmið til þess að geta stækkað við okkur í versluninni.

Þess vegna ákvað ég að loka matbarnum. Það mun hafa verið gert árið 1948.

MATBARINN LÆKJARGÖTU 6

Árið 1947 stofnuðum við Tryggvi Þorfinnsson, síðar skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónskóla Íslands, matbar í húsinu nr. 6 við Lækjargötu. Kristjana Blöndal, eiginkona Kjartans Ólafssonar augnlæknis, leigði okkur um 40 fermetra húsnæði í kjallara hússins. Gengið var inn niður tröppur frá Lækjargötu. Ekki man ég lengur hvers konar starfsemi hafði verið þar áður, en við urðum að innrétta þar á ný fyrir veitingar. Við komum þar upp barborði miklu úr ryðfríu stáli. Engin sæti voru í matbarnum og urðu viðskiptavinir þess vegna að standa framan veitingaborðsins.

En einnig seldum við mikið af réttum í sérstökum umbúðum, sem gestir tóku með sér. Veitingastaðinn nefndum við Matbarinn Lækjargötu 6.

Við seldum allar almennar veitingar, heita og kalda rétti, smurt brauð og snittur. Opíð var frá klukkan 8 á morgnana til kl. 11.30 á kvöldin. Alls var starfsfólkið 6 manns. Reksturinn gekk sémilega. Við Tryggvi rákum þennan matbar í rúmt ár. Þá seldum við hann Brandi Brynjólfssyni lögfræðingi og Davíð Sigurðssyni, síðar bílasala. Mig minnir að samvinna þeirra yrði skammvinn. Svo lagðist fyrirtækið niður.

PYLSUBARINN Í AUSTURSTRÆTI 22

Árið 1950 kom ég upp pylsubar í húsinu nr. 22 við Austurstræti þar sem áður hafði lengi verið afgreiðsla BSR. Húsnæðið leigði



ég af Haraldi Árnasyni kaupmanni, sem var eigandi þess. Þetta var lítið húsnæði á jarðhæð, sennilega alls um 15 fermetrar. Það hafði staðið autt um tíma eftir að BSR flutti þaðan.

Mér gekk mjög illa að fá leyfi til þessa veitingareksturs. Margir bæjarfulltrúanna voru andvígir því að heimila þessa starfsemi vegna þess að þeir töldu að hún myndi valda óþrifnaði í miðbænum. Sá ótti reyndist síðar ástæðulaus. Leyfið fékkst að lokum með því skilyrði að dagblöð yrðu einnig seld í pylsubarnum. Það samþykkti ég og hófst svo handa við að koma upp afgreiðsluborði með innbyggðum pylsupotti.

Við seldum aðallega pylsur, en auk þess samlokur og mjólk. Tvær stúlkur unnu til skiptis í barnum. Hann var opinn frá kl. 9 á morgnana til kl. 11.30 á kvöldin. Mig minnir að ég hafi rekið þessa starfsemi fram á árið 1959, þá missti ég húsnæðið. Um tíma voru pylsur seldar á barnum eftir að ég hætti þar. Svo lagðist pylsusala alveg niður á þessum stað. Meðan ég átti þetta litla fyrirtæki var afkoma þess ágæt.

BÍÓBARINN

Í aprílmánuði 1952 opnaði ég veitingastofu á jarðhæð í húsi Austurbæjarbíós. Ég nefndi þetta fyrirtæki Bíóbarinn. Húsnæðið var eign Austurbæjarbíós. Mig minnir að það væri um 50 fermetrar, auk aðstöðu í kjallara. Fá sæti voru við laus borð en allmargir stólar við afgreiðsluborð. Allir réttir voru framreiddir við enda afgreiðsluborðsins í innrauðum grilltækjum, að gestum ásjáandi. Reyndist matur þaðan bragðgóður og safaríkur. Ekki man ég til hvers þetta húsnæði var notað áður en ég fékk

það og innrétaði til veitinga.

Bíóbarinn var opinn allan daginn. Þar voru seldar allar algengar veitingar. Alls unnu 8 manns í Bíóbarnum. Staðurinn varð fljótlega vinsæll og sémilega arðbær.

Ég rak Bíóbarinn í rúm tvö ár. Þá missti ég húsnæðið. Starfsemi var síðar haldið þar uppi í sambandi við Silfurtunglið, sem mig minnir að Axel Magnússon hafi veitt forstöðu.

ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARINN

Þegar Guðjón Samúelsson teiknaði Þjóðleikhúsið mun hann ekki hafa ætlað sérstakt rými til veitingareksturs. Hins vegar gerði hann trád fyrir að í kjallara þyrfti að ætla miðstöð og eldiviðargeymslum rífleg rúm. Þegar hernáminu lauk, og aftur var tekið til við framkvæmdir í húsinu, varð augljóst að vegna hitaveitunnar var hyggilegt að breyta fyrri áætlunum um nýtingu kjallarans. Ákvörðun var tekin um að koma þar upp aðstöðu til almennra veitinga. Þar sem fyrrum átti að verða miðstöð og kolageymslur urðu nú veitingasalir. Vel var vandað til kaupa á tækjum og öðrum búnaði til veitingarekstrar. Aðalveitingasalurinn rúmaði um 150 manns. Hliðarsalir voru tveir. Hvor þeirra rúmaði um 50 manns. Eldhús var sémilegt og geymslur góðar.

Fyrsta starfsárið annaðist stjórn Þjóðleikhússins veitingareksturinn. Kristín Jóhannesdóttir veitti honum þá forstöðu. Að því er ég best man þá var eingöngu um að ræða kaffi- og gosdrykkjaveitingar í leikhléum.

Árið 1951 var ég boðaður á fund Þjóðleikhúsráðs, að tillögu Harðar Bjarnasonar, þáverandi húsameistara ríkisins, sem átti sæti í ráðinu. Þar var ég spurður hvort ég myndi vilja taka á leigu aðstöðuna til veitingareksturs í kjallara hússins. Áskilið var að mér bæri að halda öllum búnaði sómasamlega við og tryggja að reksturinn yrði stofnuninni fremur til sæmdar en minnkunar. Þetta freistaði mín. Samkomulag varð um leigu og samningur undirritaður í októbermánuði 1951. Við sömdum fyrst til eins árs. Síðar var nokkrum sinnum framlengt til lengri eða skemmri tíma allt til loka ársins 1966.

Ég hóf strax veitingarekstur í húsinu. Fyrst hélt ég áfram á sömu braut og áður hafði verið farin. Svo jók ég starfsemina smám saman og kom henni fljótlega í þann farveg, sem hún rann síðar í. Um hádegi var einungis um að ræða veitingar á lokuðum fundum eða í einkasamkvæmum. Síðdegis

voru engar veitingar í boði. Almennar veitingar voru einungis á kvöldin. Þá gerðum við ráð fyrir að leikhúsgestir gætu borðað áður en sýningar hæfust. Þess vegna opnuðum við klukkan 6. Að sjálfsögðu voru veitingar í leikhléum og einnig að leiksýningum loknum.

Forstaða veitingarekstursins hvíldi á mér. En góðan stuðning fékk ég hjá Jóni Arasyni, sem var yfirþjónn. Alls störfuðu um 16 manns, auk hljómsveitar við veitingareksturinn. Oftast lék þriggja manna hljómsveit, ásamt söngvara, fyrir dansi og undir borðum.

Frá upphafi var það áskilið að leikarar gætu fengið keypt kaffi hjá mér að kvöldlagi. Það var framreitt í hvíldarherbergi þeirra á efri hæð hússins. Síðar, sennilega upp úr 1960, varð það að samkomulagi að leikarar og aðrir starfsmenn hússins fengu keyptan hjá mér hádegisverð. Hann var framreiddur í matstofu, sem var innréttuð á efri hæð hússins. Þar hafði ég áður haft aðstöðu til skrifstofustarfs. Verði var mjög stillt í hóf, þetta varð öllum starfsmönnum til mikils hagræðis.

Vínveitingaleyfi fékk ég haustið 1954. Það breytti öllum rekstri mínum mjög til bóta.

Eftir að vínveitingaleyfið var fengið fékk ég listamanninn Lothar Gundt til að hanna hliðarherbergi norðvestanvert við stóra veitingasalinn. Þar var m.a. komið upp myndum af kunnum leikurum í vinsælum hlutverkum. Þær hafði Halldór Pétursson teiknað listilega fyrir Þjóðleikhúsið, og voru þær eign þess. Lothar leysti verk sitt mjög vel af hendi. Ég nefndi þessa nýbreytni í húsinu Thaliu-bar. Hann varð fljótlega mjög vinsæll.

Þjóðleikhúskjallarinn varð snemma eftirsóttur til veisluhalds. Þar voru m.a. haldnar brúðkaups- afmælis- og fermingarveislur, hóf klúbba og annarra félaga, að nýársveislunni ógleymdri. Hún var um langan tíma árviss hátíð margra bæjarbúa á nýársdag. Þá gáfum við öllum gestum áritaða postulínsbakka, sem síðan hafa orðið verðmætir safngripir. Þingveislur voru haldnar þar í mörg ár, stórveisla á 10 ára afmæli Þjóðleikhússins og kveðjuhóf héldu þeir þar konungar Danmerkur og Svíþjóðar og forseti Finnlands. Ég vona að þetta nægi til sönnunar því að mér tókst að standa við það loforð að starfsemi mín í Þjóðleikhúskjallaranum yrði stofnuninni fremur til sæmdar en minnkunar.

Allt starfstímabil mitt í

Þjóðleikhúskjallaranum var ágæt samvinna milli mín og Þjóðleikhússtjóra, Þjóðleikhúsráðs og starfsmanna leikhússins. Það tekur því varla að minna á þann eina skugga sem féll á það ágæta samstarf. Þó er e.t.v. rétt að geta hans vegna þess að nú finnst mér hann í rauninni fremur til gamans í endurminningunum en þess smávægilega ergelsis sem hann olli mér á sínum tíma.

Auðir veggir veitingahússins, skortur á skemmtilegri tilbreytingu fyrir gesti og löngun til þess að verða listamönnum að liði urðu þess valdandi að ég ákvað að fá góða listamann til að efna til sölusýninga í Þjóðleikhúskjallaranum. Sjálfum þótti mér þessi hugmynd bráðsnjöll, og taldi að hún myndi fremur verða menningarviðleitni Þjóðleikhússins til eflingar en óþurftar. Fyrstan úr hópi þeirra listamanna, sem ég vonaði að síðar myndu prýða veggir Þjóðleikhúskjallarans, með listaverkum sínum valdi ég Jón Engilberts. Nokkru eftir að hann var búinn að koma myndum sínum fyrir seldust fjórar þeirra. Vorum við Jón báðir mjög ánægðir með það. Ég vissi ekki betur en að gestir tækju þessari nýbreytni vel og hugði gott til framhaldsins.

Þá var það að Þjóðleikhúsráð vakti á því athygli mína, að mér hefði láðst að leita samþykkis á þessu tiltæki. Nánar aðspurt kvað ráðið auðsætt að myndir Jóns væru um of einkenndar lostalífi til þess að sémilegt mætti teljast Þjóðleikhúsinu að hafa þær uppi á veggjum.

Þó að ég væri vinum mínum í ráðinu innilega ósammála neyddist ég vitanlega að fara að þeim tilmælum þeirra að biðja Jón að hafa sig hið fyrsta á brott með hinar munaðarriku myndir sínar. Sýningin var tekin niður einni viku eftir að hún var opnuð. Lauk þar með þessum kapitula menningarviðleitniminnar. Við Jón höfðum í aðra röndina lúmskt gaman af því, sem við kölluðum náttúruleysi Þjóðleikhúsráðs, og kærðum okkur kollótta.

Þó að þær sýningar, sem ég hafði ætlað mér að efna til, yrðu ekki fleiri en þessi þá leiddi ákvörðun mín um að prýða veggir kjallarans til þess að ég keypti fyrir eigin reikning málverk, sem ég festi upp í veitingasalnum og á göngum, eftir að ég hafði fullvissað mig um að af þeim yrði skírlífi engin hættu búin. Meðal þeirra var myndin Töfrar Íslands. Það er ein stærsta mynd Jóns Engilberts. Upphaflega var gert ráð fyrir að Landsbanki Íslands keypti hana. Um það tókust ekki samningar þar

sem bankanum þótti Jón of dýrseldur. Hins vegar taldi ég – og tel enn – að ég hafi gert mjög góð kaup þegar ég eignaðist þetta mikla listaverk, sem Verslunarbankinn geymir nú fyrir mig.

Þegar ég horfi nú til baka tel ég ástæðu til að geta þess að allan þann tíma sem ég hélt uppi veitingum í Þjóðleikhúskjallaranum kom aldrei til þess að skemmdir yrðu á búnaði vegna ölvunar gesta, og raunar aldrei nein eftirminnileg illindi þeirra í milli svo sem oft vill þó verða þar sem áfengi er haft um hönd.

Tvennt held ég að einkum hafi valdið því hve vandræðalaust reyndist að halda uppi veitingum í Þjóðleikhúskjallaranum. Hið fyrri er að af hálfu húsráðenda var vel og smekklega búið að gestum. Hér á ég ekki einungis við veitingasalina. Ég nefni einnig snyrtiherbergi, sem voru mjög rúmgóð, og þess jafnan gætt að halda þeim hreinum. Ég tel, að hin ytri skilyrði endurspeglar framkomu gesta, en þess vegna er mikilvægt að það freisti ekki til sódalegrar umgengni.

Hið síðara er sú regla, sem við ákváðum að ætti að gilda þegar félög eða hópar, t.d. skipshafnir, fengu inni í kjallaranum. Við tókum enga leigu en áskildum að hver gestur keypti a.m.k. tvær sneiðar af smurðu brauði. Brauðið var jafnan borið fram þegar langt var liðið á kvöld. Eftir að gestirnir höfðu neytt þess brá jafnan svo við að þeir, sem áður höfðu verið orðnir ölvaðir, jöfnuðu sig og stilltust. Ég tel að þetta hvorttveggja hafi átt ríkan þátt í þeim menningarbrag sem setti jafnan svip sinn á mannamót Þjóðleikhúskjallarans.

Þá var ég einnig mjög heppinn með dyraverði. Ég minnst þar sérstaklega Friðriks G. Jónssonar og Bjarna Ágústssonar. Með styrkri og þrúðmannlegri framkomu reyndist þeim mjög auðvelt að strjúka hnökra af þráðum og gæta í senn sæmdar hússins og gesta þess. Það þarf úrvals menn til að rækja óaðfínanlega störf dyravarda í vínveitingahúsum. Það tókst þessum tveim mönnum með ágætum.

Sjálfum þótti mér skemmtilegast að skipuleggja veisluhöld og fylgjast með framkvæmd þeirra. Mér lærðist með tímanum að samræma þjónustu okkar sérkröfum fastra viðskiptavina. Fyrst olli það mér nokkrum örðugleikum í samskiptum við samstarfsmenn mína að ég hefði enga pappíra til sönnunar því að ég kynni eitthvað fyrir mér í veitingamennsku.

En smám saman fór þó svo að auðvelt reyndist að samræma hugmyndir mínar

og útlærðra aðstoðarmanna. Eftir það varð samvinna okkar ákjósanleg. Ég var þreyttur á þeirri íhaldsmennsku, sem ríkti í veitingamállum, og reyndi oft að fara inn á nýjar brautir. Ég minnst þess t.d. að það kostaði talsverða erfiðismuni að komast frá hinum hefðbundnu veisluréttum, aspargussúpu, lambasteik og ís, yfir til annars, sem er frábrugðið. Þetta tókst smám saman. Það leiddi til aukinnar fjölbreytni og vaxandi vinsælda veitingastaðarins. Ég skil það nú, að örðugt var að framkvæma ýmislegt af uppátækjum mínum. Þess vegna var eðlilegt að þau mættu andstöðu. En mér þótti skylt og rétt að brjótast út úr tilbreytingarleysi hins hefðbundna inn til aukinnar fjölbreytni.

Og sannleikurinn er sá, að ég tel mig eiga nokkurn þátt í því að matseðlar veitingahúsa í Reykjavík eru nú miklu fjölbreyttari en þeir voru þegar ég hóf fyrst veitingastörf í Þjóðleikhúskjallaranum.

Á starfsárum mínum í Þjóðleikhúskjallaranum tókust samningar um að ég sæi um þær veitingar sem bornar voru fram í millilandaflugvélum Flugfélags Íslands. Þær voru tilreiddar í Þjóðleikhúskjallaranum. Ég tel að þetta hafi verið árið 1952. Ég annaðist þetta allt til þess að Flugfélag Íslands tók sjálf til við að framleiða veitingarnar í eigin eldhúsi. Það mun hafa verið árið 1958. Á þessu tímabili átti ég þátt í að skipuleggja eldhúsaðstöðu Viscountflugvélnum, sem Flugfélag Íslands fékk 1957. Ég skipti mér ekki af eldhúsinnréttingum í öðrum flugvélum félagsins.

Það má e.t.v. rifja það upp, að sumarið 1956 fór Ólafur Thors, ásamt fríðu föruneyti, í opinbera heimsókn til Þýskalands í boði dr. Adenauers. Áður en farið var að heiman lét ég breyta sætaskipan í hluta farþegarýmis flugvélarinnar þannig, að það minnti á horn veitingastofu. Þar lét ég dúka borð og skreyta með blómum. Ég framreiddi fjórrettaðan mat með tilheyrandi vínföngum. Þetta tiltæki mitt vakti talsverða athygli. Það varð m.a. tilefni myndbirtingar í Speglinum þar sem sýndir voru mestu fyrimenn ferðarinnar og matreiðslumaður þeirra.

Á þessu veitingatímabili mínu kom það alloft fyrir mig að ég gerðist flugþjónn í Grænlandsferðum. Flugfélagið var þá í förum til Thule. Ef fyrir kom að ekkert rúm var á spítala, þar sem flugfreyjur gistu jafnan, kom skeyti, „No females allowed“. Það þýddi að hvergi var rúm nema í hermanskálmum, en næturdvalir

ungmeyja þar voru hvorki taldar til eflingar hreinlífi gesta né heimamanna. Ég notaði þá stundum tækifærið og fylgdi veitingum til þess áfangastaðar þar sem flugþjónn gekk örugglega óspjallaður að morgni úr næturstað.

Ég held að samvinnan milli mín og Flugfélags Íslands hafi orðið báðum aðilum til góðs. Hún varð mér lærdómsrík, og ég veit ekki betur en að farþegum og áhöfnum hafi vel líkað veitingar mínar.

Fyrri starfstíma minn í Þjóðleikhúskjallaranum var afkoma veitingarekstursins mjög góð. Þar tel ég mikli máli hafi skipt hagsýni í öllum rekstri og ómæld vinna mín. Árið 1966 fór Þjóðleikhúsráð fram það við mig að húsaleiga yrði hækkuð verulega, umfram þær árlegu og umsöndu hækkunar, sem á henni urðu. Að ihuguðu máli taldi ég, að með því að samþykkja þessa hækkun hefði ég enga tryggingu fyrir að mér yrði unnt að ná hóflegum hagnaði. Þess vegna kvaðst ég fremur kjósa að hætta. Það varð af þessum sökum að samkomulagi að leigu minni á húsnæðinu lyki 30. nóvember 1966.

Hinn 1. desember 1966 tóku þeir við rekstri Þjóðleikhúskjallarans Bjarni Bender veitingaþjónn og Ingi B. Ársælsson, sem þá mun hafa verið starfsmaður fjármálaráðuneytisins. Þeir ráku Þjóðleikhúskjallarann fram til árskloka 1969. Nokkru áður en þeir hættu kom Þjóðleikhússtjóri til fundar við mig. Hann taldi reksturinn hafa farið mjög úrskaiðis. Vegna þess bað hann mig um að koma aftur og taka við honum. Á þessu árabili hafði margt drabbast niður. Þess vegna þótti mér fremur ófýsilegt að koma þar aftur til starfa. Ég ákvað þó að verða við ósk Þjóðleikhússtjóra í þeirri von að mér tækist að rétta reksturinn við. Ég byrjaði þess vegna á ný 1. janúar 1970.

Ég lét gera miklar endurbætur á föstum og lausum búnaði hússins. Var það gert á eigin kostnað. Við brottför mína voru framlög til þessa endurgreidd mér vaxtalaust.

Smám saman tókst að koma rekstrinum á rétta kjöl. Í þetta skipti vann ég sjálfur minna að starfsemi en áður. Ég réð til mín Svan Ágústsson matsvein. Hann sá um allan daglegan rekstur, undir minni yfirstjórn, og reyndist mér ágætlega.

Ég man fátt markvert frá þessu síðara starfstímabili mínu í Þjóðleikhúskjallaranum. Reksturinn komst smám saman í sama farveg og þann

sem hann hafði runnið í á fyrri starfstíma mínum í húsinu.

Rétt er að geta þess að meðal breytinga, sem ég gerði, var að kaupa veggskreytingar í barinn. Þær gerði Leifur Breiðfjörð. Það munu hafa verið fyrstu verk Leifs, sem keypt voru til sýninga á samkomustað. Síðar hafa verk þessa ágæta listamanns verið keypt víðar til skrauts, t.d. á Hótel Esju.

Afkoma veitingareksturins reyndist góð þetta síðara tímabil mitt í Þjóðleikhúskjallaranum.

Árið 1973 kom þáverandi þjóðleikhússtjóri, Sveinn Einarsson að máli við mig. Hann skýrði mér frá, að hann hefði hug á að nýta Þjóðleikhúskjallaranum betur í þágu leiklistarinnar. Þá vildi hann einnig fá í kjallaranum rúm fyrir mötuneyti starfsmanna hússins. Þar sem ég taldi að þessi nýbreytni samrýmdist ekki hugmyndum mínum um arðbæran veitingarekstur í húsinu varð það að samkomulagi að ég hætti þar starfsemi minni í septembermánuði 1973. Þjóðleikhúsið tók þá sjálfst við veitingarekstrinum. Það hefur síðan haldið honum uppi, og að því er ég best veit, alltaf með umtalsverðu tapi.

Río-bar.

Árið 1953 ákvað ég að koma upp veitingastofu á Keflavíkurflugvelli. Um það leyti var mjög mannmargt á vellinum. Þess vegna taldi ég að þar myndi verða grundvöllur fyrir rekstur almennrar veitingastofu þar sem íslenskir réttir væru jafnan á boðstólnum. Ég fékk lóð fyrir veitingastofu skammt frá flugstöðinni, rétt framan við bakarí varnarliðsins.

Ég samdi við Snorra Halldórsson í Húsasmíðjunni um að byggja fyrir mig um 50 fermetra veitingaskála, einlyftan með risi. Eftir að Snorri var búinn að smíða flekana í Reykjavík ókum við þeim suður á flugvöll og fullreistum húsið á 8 klukkustundum.

Ég réði 7 manns til vaktavinnu. Sumt af því fólki bjó í rishæð skálans.

Fyrst fékk ég mann, sem Jón Pétursson heitir, til forstöðu í skálanum. Hann hafði áður verið birgðavörður í Þjóðleikhúskjallaranum. Jón starfaði lengi hjá mér.

Skálinn var opnaður klukkan átta á morgnana og opinn til hálf tólf að kvöldi. Við seldum allar almennar veitingar. Aðallega var framreitt til gesta þar sem þeir stóðu við afgreiðsluborð. Sæti voru við nokkur laus borð.

Reksturinn í þessari veitingastofu sem ég nefndi Río-bar, gekk ljómandi vel, allt til

þess er margir nýir veitingastaðir komu upp á vellinum, og veitingabifreið var komið þar fyrir. Þá taldi ég að rekstrargrundvöllur væri ekki lengur nógu traustur, og ákvað að hætta í tæka tíð til þess að forðast taprekstur. Ég seldi skúrinn til óskylds reksturs. Mig minnir að alls hafi ég haldið uppi veitingarekstri í Río-bar í fimm ár.

Meðan ég rak barinn voru í umferð á vellinum ávísanapeningar, sem nefndir voru „scrips“. Sá gjaldmiðill var notaður innan deilda hersins. Mér var bannað að taka við greiðslum í Bandaríkjadollurum eða annarri erlendri mynt, þó að í reynd þætti flest annað fé betra í viðskiptum á vellinum en íslenskir peningar. Ég taldi við hæfi að einhver viðskiptaaðili héldi uppi heiðri hinnar vesælu myntar okkar, og festi þess vegna í veitingastofuna skilti með áletruninni, „Hér má einungis greiða með íslenskum peningum.“ Var þetta krónu vorri til nokkurs vegsaka á vellinum, sem nærri má geta. Hitt er það, að í reynd mun afgreiðslufólk mitt trúlega hafa talið fyrirtækinu fullborgið með greiðslum í bandarískum dollurum, þótt það hafi auðvitað ekki verið löglegt.

LÍDÓ

Félagsskapurinn Veggur, sem var hópur nokkurra kaupmanna í Reykjavík, lét árið 1959 reisa hús við gatnamót Stakkahlíðar, Miklubrautar og Skaftahlíðar. Húsið var tveggja hæða sennilega um 600 fermetrar að grunnfleti. Gert var ráð fyrir að verslanir yrðu á neðri hæðinni en veitingarekstur uppi.

Ég var þá í hópi félagsmanna Veggs. Eftir að búíð var að steypa húsið upp tókust um það samningar milli mín og stjórnar Veggs, að ég keypti efri hæðina með réttindum til að byggja við austurenda hennar. Þar reisti ég tvær hæðir með kjallara, 120 fermetra að grunnmáli. Að því búnu hófst ég handa um innréttingar.

Fyrir mér vakti að koma upp skemmtistað þar sem unnt væri að hafa veitingar um hádegi og síðdegis fyrir afmarkaða hópa, og frá kl. 7 á kvöldin, annaðhvort samkvæmi eða almennar veitingar, skemmtiatriði og dans. Ég taldi þennan grundvöll nógu traustan til fyrirhugaðra framkvæmda minna.

Manfred Vilhjálmsson teiknaði viðbygginguna og allar innréttingar Skarphéðinn Jóhannsson teiknaði aðalbygginguna.

Aðalveitingasalurinn, sem var, þegar við

opnuðum, stærsti veitingasalur á landinu, rúmaði 450 manns í sæti. Í honum var ein vínstúka. Eldhús var niðri í kjallara. Lyftur voru milli eldhúsa og býtibúra, sem var á annarri hæð.

Í viðbyggingunni voru geymslur í kjallara. Á fyrstu hæð var stór fatageymsla. Á efri hæð voru mjög rúmgóð snyrtiherbergi. Til forstöðu skemmtistaðarins, sem ég nefndi Lídó, réði ég Konráð Guðmundsson. Hann hafði þá síðast verið bryti á Tröllafossi. Halldór Vilhjálmsson var yfirmatsveinn, Bjarni Ágústsson dyravörður. Alls mun starfsfólk hafa verið um 30 manns. Auk þess voru hljóðfæraleikarar. Fyrst var Nestríó þeirra Magnúsar Péturssonar, Kristins Vilhjálmssonar og Karls Lilliendahls. Það varð svo Nes-kvintett, að viðbættum þeim Guðmundi R. Einarssyni og Jónasi Dagbjartssyni.

Ég opnaði Lídó með veglegu gestabóði síðdegis 14. febrúar 1959. Virtist það, ef marka má blaðaskrif, hafa vakið öfund einhverra hve margt fyrirmana þáði boð mitt. Um kvöldið var árs hátíð Stangaveiðifélags Íslands. Er eftirminnilegt hve margir voru áfjafir í að komast þangað. Ég man varla eftir annarri eins áfergju og þeirri sem einkenndi aðsóknina. Gestir urðu alls 453. Matur var fjórreittaður og kostaði þá 100,- krónur málsverðurinn. Þessi samkoma var um allt hin ágætasta. Fyrir okkur var það skemmtilegt að öll var þjónustan með jafn miklum ágætum og best er unnt að kjósa hjá því veitingafólki, sem á að baki langa og trausta samvinnu.

Raunar sluppum við naumlega við vandræði áður en opnað var. Ég hafði pantað allan borðbúnað frá Þýskalandi. Töf á afgreiðslu olli því að ég neyddist til að ákveða að fá borðbúnaðinn sendan hingað með flugvél. Samkvæmt áætluninni átti sú ráðstöfun að tryggja okkur borðbúnaðinn í tæka tíð. En SAS-flugvélin frá Hamborg varð að lenda í Stokkhólmi vegna þess að Kastrup flugvöllur lokaðist. Eftir langa mæðu tókst að koma borðbúnaðinum í íslenska flugvél, sem flutti hann hingað. Við fengum sendinguna 13. febrúar, daginn áður en opnað var. Ekki mátti það tæpara standa. Eftir þessa flughrakninga var hluti borðbúnaðarins auðvitað oftast nefndur „fljúgandi diskar“.

Við höfðum Lídó opið almenningi öll kvöld nema þegar leigt var út til veisluhalds.

Fyrir kom að erlendar hljómsveitir störfuðu hjá okkur og erlenda skemmtikrafta

höfðum við oftast. Var það mjög fjölbreytileg sveit, allt frá ljóshærdum og bláeygum ballerínnum til blásvartra eldgleypa. Í fyrstu valdi ég sjálfur erlenda skemmtikrafta, bæði fyrir Þjóðleikhúskjallarann og Lídó. Síðar tók Konráð til við að annast það fyrir Lídó. Til þess leituðum við ekki milligöngu innlendra aðila en höfðum sambönd við erlenda umboðsmenn fjöllistamanna, oftast eftir að við höfðum séð listafólkið og heyrt á skemmtistöðum erlendis. Við gættum þess jafnan að ráða fjöllistamenn, sem voru í háum gæða- og verðflokki. Íslendingar eru vandlátir í þessum efnunum, og láta sér fátt um finnast um aðra en þá sem fram úr skara.

Frá því er við opnuðum leið ekki langur tími þangað til reksturinn var orðinn arðbær, fyrst sámilega, síðar með ágætum. Á því varð engin veruleg breyting fyrstu fjögur árin. En þar skipti mjög til hins verra eftir að Hótel Saga var opnuð. Bar þar tvennt til. Í fyrsta lagi var það samkeppni frá Súlnasal, Sögu, en hann var álíka stór og samkomusalur okkar í Lídó. Í öðru lagi varð í Lídó skortur á hæfu gólki til forstöðu, matreiðslu og framreiðslu. Ég taldi mig verða að láta margt af mínu góða starfsfólki fara yfir á Sögu til þess að tryggja reksturinn þar. Meðal þess var forstjórinn, Konráð Guðmundsson, yfirmatreiðslumaðurinn, Halldór Vilhjálmsson og yfirþjónninn, Valur Jónsson. Í þeirra stað komu viðvaningar til starfa í Lídó.

Þegar ég var orðinn óánægður með afkomuna í Lídó ákvað ég að breyta til og koma upp skemmtistað þar sem unglingar gætu komið saman til að dansa í húsi þar sem engin áfengisneysla var leyfð. Þessi starfsemi gekk að því leyti alveg ákjósanlega, að hún varð mjög vinsæl. Við höldum uppi góðum aga, og varð ég þess oft var, að foreldrar óttuðust ekki um unglinga sína ef vitad var að þeir væru að skemmta sér í Lídó. Forstöðumaður Lídó var þá sonur minn, Skúli, en honum til aðstoðar, Bjarni Ágústsson.

Þó að afkoman væri ekki beinlínis slæm, meðan þessari starfsemi var haldið uppi, þá var hún ekki alveg nógu góð til þess að ég treysti mér til að halda henni áfram með því að greiða vegna hennar öll lögboðin gjöld. Ég sótti því til yfirvalda borgarinnar um undanþágur frá að greiða full gjöld, og skírskotaði þar til þeirrar staðreyndar, að við værum að gefa æskufólki borgarinnar tækifæri til hollrar skemmtunar í tómstundum þess. Tilmælum mínum var

synjað.

Hinn 20. ágúst 1964 leigði ég Lídó þeim Róbert Arnari Kristjánssyni, veitingaþjóni og Hilmar Helgasyni, stórkaupmanni. Þeir gerðu Lídó aftur að almennum skemmtistað, sem þeir ráku í næstum tæp fjögur ár. Ævintýri mínu í Lídó lauk með því að ég seldi Reykjavíkurborg veitingastaðinn 13. ágúst 1968 fyrir 12 milljónir króna. Síðan hefur Reykjavíkurborg rekið þar æskulýðsheimili undir nafninu Tónabær. Mun það kosta öllu meira en þær fjárhæðir, sem ég vildi á sínum tíma fá niðurfelldar, til tryggingar því að ég gæti haldið áfram að bjóða ungmennum að skemmta sér þar mér, a.m.k. að kostnaðarlausu.

HÓTEL SAGA

Það mun hafa verið snemma árs 1959 að það barst í tal milli okkar Luðvígs Hjálmtýssonar að hann fengi ekki, þrátt fyrir ítrekaðar umsóknir, leyfi til þess að byggja hótél í Reykjavík. Ég sagði þá í hálfkæringi, „Ég skil ekkert í þessu með þig, Luðvig. Ég er sannfærður um að ég fengi leyfi ef ég sækti um að fá að byggja hótél.“ Eitthvað héldum við áfram að gantast um þetta. Ég held að það hafi verið í framhaldi af þessu samtali að ég sótti í einhverju bríarí um leyfi til hótélbyggingar. Mér til mikillar undrunar fékk ég leyfið, og síðar vilyrði hjá borgaryfirvöldum fyrir lóð í Vatnsmýrinni í námunda við svæðið þar sem Umferðamiðstöðin er nú.

Ég fékk Aðalstein Richter til að teikna hótelið fyrir mig eftir að við höfðum farið saman til útlanda þar sem við kynntum okkar hótélbyggingar. Aðalsteinn teiknaði 120 herbergja hótél með veitingasölum og öðru, sem fylgja bar. Ég sótti um 20 milljón króna ríkisábyrgð á láni. Hana fékk ég með bréfi, dagsettu 18. janúar 1960. Eitthvað var birt í fjölmiðlum um þessar fyrirætlanir mínar.

Hinn 11. júlí 1956 hófu bændasamtökin byggingu stórhýsis við Hagatorg. Það átti að verða miðstöð þeirra. Auk þess var gert ráð fyrir gisti- og veitingaaðstöðu í byggingunni.

Snemma árs 1960 kvóddu forráðamenn Bændahallarinnar mig á sinn fund í húsi Búnaðarfélagsins við Lækjargötu 14-B. Fyrirlíði þeirra þar var þá Steingrímur Steinþórsson, búnaðarmálastjóri.

Þeir félagar sögðust hafa hug á að leita liðsinnis míns til þess að ljúka farsællega byggingu þess hótels, sem nú væri að rísa af grunninum við Hagatorg. Þeir töldu að sameinað

átak okkar væri veitinga- og gistihúsamálum höfuðborgarinnar heppilegra en að dreifa kröftum með því að reisa hér tvö hótél. Ég þakkaði traust þeirra, og bað um frest til að íhuga málið.

Eftir ýmsar vangaveltur taldi ég hyggilegt að láta hótélbyggingu mína bíða betri tíma. Ég sannfærðist um, að það gæti orðið lærdómsríkt að koma til samstarfs við forystu bændasamtakanna um hótélbyggingu þeirra, og samþykkti að gerast ráðunautur. Þar með hófst ágæt samvinna mín og forráðamanna Bændahallarinnar, sem stóð í næstu fjögur ár. Þar minnst ég sérstaklega þeirra Þorsteins Sigurðssonar, bónda á Vatnsleysu, sem var helsti oddviti þeirra bygginarmanna, Sæmundar Friðrikssonar, framkvæmdastjóra byggingarinnar, og Halldórs H. Jónssonar arkitekts, sem teiknaði bygginguna. Á samvinnu okkar bar aldrei neinn skugga.

Þegar ég kom að þessum framkvæmdum var búið að ákveða að hótél ætti að vera á fyrstu og annarri hæð og efstu hæðunum þrem. Þá hafði ekki verið gert ráð fyrir áttundu hæðinni. Búin var að steypa mikinn hringstiga frá anddyri fyrstu hæðar upp á aðra hæð.

Við endurskoðuðum nú allar ráðagerðir. Það kom í ljós að hringstigin stóri ónýtti mikið rými á annarri hæð. Ég lagði til að stigin yrði brotinn niður. Það var samþykkt. Afleiðing þess varð m.a. sú, að á annarri hæð var Súlnasalurinn til í þeirri gerð, sem einkennir hann nú. Þar sem nú er dansgólfið, sem unnt er að hækka og lækka, var áður hringstigin. Með þessum breytingum fékk Lídó raunar harðan keppinaut. Sannaðist þannig enn sem fyrr hve ördugt er að vera tveggja þjónn og báðum trúr.

Þegar komið var upp á sjöundu hæð varð ljóst að þaðan var útsýni fagurt. Auðsætt var að ef bætt yrði veitingasal ofan á sjöundu hæðina myndi þaðan verða frábærlega gott útsýni. Ég lagði til að reynt yrði að fá tilskilið byggingaleyfi. Það reyndist ekki auðvelt. Mörgum þótt skugginn, sem féll frá Bændahöllinni á Háskóla Íslands, nógu stór þótt enn væri ekki við hann aukið. En með harðfylli fékkst þetta leyfi að lokum. Þetta er saga Stjórnusalar og Astrabars. Vissulega hefði þurft að breyta lyftum og öðru, þegar afráðið var að reisa áttundu hæðna. En það hefði orðið of dýrt. Þess vegna er allt baksvið Stjórnusalarins miklu þrengra en æskilegt hefði verið.

Skreytingar í Stjörnusal og Astra-bar voru gerðar af Lothari Grundt. Hann kom víðar við í húsinu, t.d. á Mímis-bar. auk þess gerði hann nokkrar veggskreytingar. Þó að bændasamtökin legðu fram mikið fé til byggingarinnar, og lán væru útveguð, þá skorti oft fjármagn til framkvæmda. Ég skipti mér lítið af öflun fjármagns að öðru leyti en því, að ég fór einu sinni til Þýskalands, ásamt þeim Halldóri H. Jónssyni og Sæmundi Friðrikssyni, vegna tilboðs frá Gísla Sigurbjörnssyni, um útvegum á Þýsku lánsfé. Við könnun okkar kom það í ljós að við töldum óhyggilegt að taka lánið. Var af þeim sökum leitað annarra leiða, sem ég man nú ekki lengur hverjar voru. Ég minnst sérstaklega einnar klípu, sem við komumst í. Þá vantaði okkur eina milljón króna, sem átti aðallega að nota til greiðslna á vinnulaunum og öðrum skuldum, sem voru gjaldfallnar. Í það eina skiptið hjargaði Pétur Ottesen okkur með milligöngu sinni um útvegum skyndiláns frá Búnaðarbankanum. Sæmundur Friðriksson var ábyrgur fyrir daglegum greiðslum. Hann var afar samviskusamur og áreiðanlegur maður, sem engum vildi skulda. Sæmundi leið áreiðanlega oft mjög illa þegar skuldheimtumenn komu að kassa hans tómunum.

Við Halldór Vilhjálmsson hönnuðum allar eldhúsinnréttingar í samráði við Halldór H. Jónsson. Áður en ég kom til ráðuneytis í Bændahöllinni var ég búinn að kaupa frá Sölunefnd setuliðseigna allmikið af nýjum tækjum í eldhúsi og leggja drög að útvegum annarra. Þessi tæki áttu að fara í fyrir- hugað hótél mitt í Vatnsmýrinni. Þetta voru mjög hagstæð kaup. Ég lét Sögu ganga inn í þau. Við leituðum víða tilboða í önnur tæki og keyptum þar sem hagstæðast var. Ég taldi, að oft væri gætt of mikillar sparsemi í innkaupum á tækjum og öðrum búnaði hússins. En knappur fjárhagur olli því að ég varð að sætta mig sitthvað, sem var fátæklega en ég hefði helst kosið.

Grunnflötur Bændahallarinnar er um 1400 fermetrar, og öll byggingin um 42 þúsund fermetrar. Á fyrstu hæð er afgreiðsla og Mímisbar, Súlnasalur og aðrir veitingasalir á annarri hæð, gistirými á fimmtu, sjöttu og sjöundu hæð. Þar eru alls 90 herbergi með 150 rúmum. Að öðru leyti vísa ég til upplýsinga sem, skráðar voru og geymdar í hornsteini byggingarinnar. Þær voru birtar í Frey í aprílmánuði 1961.

Hornsteinn Bændahallarinnar var lagður 11. mars 1961. Þar fluttu ræður

forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, formaður Búnaðarfélags Íslands, Þorsteinn Sigurðsson, Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra og Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri. Fulltrúar á Búnaðarþingi voru í fjölmennum gestahópi, sem skálaði í kampavíni, sumum öfundarmanna til nokkurrar hneykslunar. Nokkru eftir að ég kom til starfa hjá bændasamtökunum varð það ráði að ég tæki við stjórn hótelsins, a.m.k. til að byrja með þangað til búið væri að ráða annan mann og þjálfá hann í starfi.

Við opnuðum hótelið 14. júlí 1962. Þá var gistirými fullbúið á fimmtu hæð, og að mestu á sjöttu hæð. Stjörnusalur, þar sem 120 manns rúmast í sæti, var ekki fullgerður. Þess vegna var einungis unnt að afgreiða þar gesti hótelsins. Ekki var búið að opna veitingasali á annarri hæð. Fyrsti bóndinn, sem gisti í hinu nýja hóteli bændasamtakanna, var Sigmundur Sigurðsson frá Syðra-Langholti í Árnessýslu. Eftir að hann hafði látið skrá sig á gestalista var honum tjáð að hann væri boðsgestur hótelsins.

Aðstoðarhótelstjóri minn var Ragnar Ragnarsson, síðar hótelstjóri á KEA, móttökustjóri Gunnar Óskarsson, yfirþjónn Valur Jónsson, yfirmatreiðslumaður Halldór Vilhjálmsson, gjaldkeri Bertha Johansen. Fyrstu léttadrengrirnir („piccoloar“) okkar voru Óli Tynes og Hrafn Gunnlaugsson, báðir nú þjóðkunnir. Eiginkona mín, Ingibjörg Guðmundsdóttir, hafði yfirumsjón með herbergjastúlkum, en fyrirlíðar þeirra voru þær Anna Guðmundsdóttir og Hulda Davídsdóttir. Mig minnir að starfsfólk hafi upphaflega verið 40 manns. Því fjölgaði svo eftir að Súlnasalur, Mímisbar og sjöunda hæðin bættust við hótelrymið.

Tillögur komu um mörg nöfn áður en hótelið var skírt. Eiginkona mín, Ingibjörg, var búin að gefa hinu fyrirhugaða hóteli okkar í Vatnsmýrinni nafnið Saga. Það eftirlétum við hótelinu í Bændahöllinni.

Hinn 1. nóvember 1963 hófu Loftleiðir viðdvalarboð („stopover“) sín til farþega á leið austur eða vestur yfir Atlantshafið. Samningar tókust um að viðdvalargestir félagsins fengju inni á Hótel Sögu. Þeim var þjónað þar allt til þess er Loftleiðir opnuðu sitt eigið hótél 1. maí 1966. Þar sem varla var unnt að semja um þessa fyrirgreiðslu við annað hótél en Sögu varð þessi samningur hvort tveggja í senn, góð búbot fyrir hótelið og grundvöllur þess að Loftleiðum tókst 1963 að byrja á að byggja upp þennan

þýðingarmikla þátt starfsemi sinnar.

Það tókst furðufljótt að koma rekstri hótelsins á sémilega öruggan fjárhagsgrundvöll, betur en margir forystumenn bændasamtakanna höfðu þorað að vona. Fyrsta sumarið urðum við að gjalda þess að hótelið var of nýtt af nálinni til þess að unnt reyndist að afla því nægilegra viðskipta, þrátt fyrir vandaðan auglýsingabækling, sem við dreifðum víða. Almenn aðsókn jókst mjög eftir að Súlnasalur var opnaður. En hann er kostnaðarsamur í rekstri, örðugt að halda honum opnum með umtalsverðum hagnaði.

Okkur tókst smám saman að fá samninga um þjónustu vegna gesta ríkis og borgar. Þess vegna gistu hótelið nafnkendir menn. Af þeim er Lyndon B. Johnson, sem þá var varforseti Bandaríkjanna, mér einna eftirminnilegastur, og bar þar margt til, þó ekki væri annað en vegna allra þeirra öryggisráðstafana sem við urðum að hafa uppi vegna dvalar hans. En sjálfur var hann einnig talsvert sérstæður. Ég minnst þess t.d. að ég átti að því frumkvæði að fá Hauk Gunnarsson í Rammagerðinni til þess að koma með minjagripi í hótelið til þess að spara varforsetanum og fylgdarliði hans það ómak að fara út til minjagripakaupa. Ég taldi mig með þessu hafa gert báðum aðilum góðan greiða. Vel má vera á Johnson hafi verið mér þakklátur. En Haukur átti bággt með að fyrirgefa mér þetta tiltæki. „Ég var ekki fyrr búinn að nefna verð en þessi stórhöfðingi byrjaði að prúttá“, sagði Haukur „og náttúrlega öpuðu förunautar hans það eftir honum.“ „Ég væri löngu kominn á hausinn ef ég hefði ekki átt betri viðskiptavini en þennan Johnson. Ég kunni ekki við að fara að þvarga við varforseta Bandaríkjanna um verð á varningi mínum, og lét hann þess vegna fá að njóta þess að snúða mig.“

Í veislu sem haldin var Johnson til heiðurs í Súlnasalnum, sat hann milli Ásgeirs forseta og Ólafs Thors. Honum virtist falla þrýðilega við Ólaf. Þess vegna gleymdi hann öllum mannsiðum og snéri oftast bakhlutunum að Ásgeiri. Í hádegisverðarboði voru honum borin glóðarsteikt lambalæri. Í ræðu sagði hann að það hefði verið besti rétturinn sem fyrir hann var borinn í ferð hans til Evrópu. Ég varð náttúrlega upp með mér af þessari viðurkenningu og aumkaði mjög kollega mína í Evrópu. En þegar Johnson lyfti síðar með mér glasi áður en við kvóddumst sagði

hann:

„Var það ekki gott fyrir þig það sem ég sagði um lambalærin þín?“

Mér flaug þá í hug, að e.t.v. kynni hann einnig að hafa gaukað einhverju góðu að öðrum matgerðarmönnum en okkur og ekki myndi allt af hans munni komið frá dýpstu hjartarótum. En þannig þurfa stjórnámálmenn trúlega að vera.

Snemma árs 1964 ákvað ég að hætta störfum á Hótel Sögu. Ég var beðinn um að mæla með eftirmanni. Ég lagði til að Konráð Guðmundsson, sem hafði verið forstjóri í Lídó, yrði ráðinn. Var það samþykkt. Hann kom svo og starfaði með mér um tíma. Ég lét af störfum 31. maí 1964. Þá tók Konráð við. Hann hefur síðan verið hótelsstjóri á Sögu.

Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa átt þess kost að vinna að byggingu Sögu og stjórn hótelsins fyrstu árin.

Það var mér í senn erfitt og ánægjulegt. Ég tel mig hafa lært mikið á þessu árabili og var, þegar því lauk, betur en áður búinn undir að takast á við ný verkefni í hótels- og veitingamállum.

Það má segja, að Hótel Saga hafi valdið algerum þáttaskilum í hótelmálum höfuðborgarinnar. Hún var fyrsta nýttisku hótelið, sem byggt var í Reykjavík eftir 1930. Vegna útsýnis, smekklegra skreytinga og góðrar þjónustu varð veitingastaðurinn á áttundu hæð í fremstu röð veitingarýmis borgarinnar. Hefur jafnan þótt skylt að koma þangað með útlendinga, sem gestgjafar vilja sýna hið besta sem höfuðborgin hefur að bjóða í veitingarekstri.

Matthías Johannessen sagði í grein, sem hann ritaði í Morgunblaðið, að Hótel Saga hefði stækkað Ísland. Ég held að það hafi ekki verið ofmælt.

Þeir Sigursæll Magnússon og Ragnar Jónsson, veitingamenn komu að máli við mig árið 1962. Þeir sögðu mér að Hótel Valhöll á Þingvöllum væri til sölu, kváðust hafa hug á að kaupa hana og spurðu hvort ég vildi koma með þeim í félag um kaupin. Þá var eigandi Valhallar hlutafélag, sem hafði keypt Valhöll 18. mars 1944 af Jóni bónda og gestgjafa frá Brúsastöðum. Forsvarsmaður þessa hlutafélags var aðallega Ragnar Guðlaugsson. Ég ákvað að kanna málið.

Auðsætt var að mikilla lagfæringa var brún þörf í Valhöll. Húsið var allt í skelfilegri niðurníðslu. Einkum var öll snyrtiaðstaða langt undir lágmarki. Það var einkum til skammar vegna þess að ríkisstjórn og

borgaryfirvöld héldu útlendum boðsgestum sínum oft veglegar veislur í Valhöll. Auk þess var hún fjölsótt á sumrin af öðrum gestum. Fleira var ónothæft en snyrtiaðstaðan. Má þar t.d. nefna eldhús og matvælagæmslur. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafði oft fundið að þessu. En það hafði engan árangur borið. Fleira en þetta var nauðsynlegt að lagfæra. Varð ljóst að óhjákvæmilegar viðgerðir og endurbætur myndu bæði verða tíma- og fjárfrekar.

Við gerðum tilboð í hlutabréf fyrirtækisins og keyptum það með samningi, dagsettum 12. desember 1962. Kaupverð var 900 þúsund krónur.

Strax upp úr áramótum réðum við menn til nauðsynlegra lagfæringa.

Hinn 8. janúar 1963 skrifaði ég Þingvallanefnd bréf þar sem ég fór þess á leit að hún hefði forgöngu um að greiddur yrði af opinberu fé kostnaður við að reisa viðbyggingu við hótelið, þar sem komið væri upp almenningsalernum, auk aðstöðu fyrir póst og síma. Þessu svaraði formaður nefndarinnar, Emil Jónsson, með bréfi dagsettu 13. mars 1963. Þar tjáði hann mér að ríkisstjórnin hefði heimilað að verja allt að 750 þúsund króna til viðbyggingarinnar, en það var ákveðið samkvæmt kostnaðaráætlun húsameistara ríkisins. Auk þess skyldi greiða kostnað við gerð frárennslis og rotþró.

Auksmíði viðbyggingar var um veturinn unnið að endurbótum á herbergjum, eldhúsi og geymslum. Söluskáli var reistur skammt frá aðalbyggingunni. Vegna eindæma góðs veðurs um veturinn tókst að ljúka öllum framkvæmdum í tæka tíð. Að þeim fullgerðum töldum við að Valhöll væri fremur orðin okkur til sæmdar en þeirrar smánar sem hún var þegar við keyptum hana.

Eftir að opnað var vorið 1963 tók Sigursæll við að annast allan daglegan rekstur. Sumarvertíðin gekk prýðilega og skilaði góðum hagnaði.

Þó að samkomulag okkar þremenninganna væri yfirleitt mjög gott þá vildum við ekki alltaf fara eina leið að sama markmiði. Þar að auki þurfti ég að losa það fé, sem ég hafði lagt til kaupa á Valhöll. Þess vegna var það ákveðið haustið 1963 að ég seldi þeim Sigursæli og Ragnari minn hlut í fyrirtækinu.

Ég er ánægður með að hafa átt á sínum tíma nokkurn þátt í að endurbæta hinn gamla og virðulega veitingastað á Þingvöllum. Sæmd okkar allra liggur við

að hann sé ekki látinn drabbast niður. Ég tel að með góðri stjórn sé unnt að halda uppi starfsemi í Valhöll að sumarlagi með miklum myndarbrag og prýðilegum hagnaði.

HÓTEL HOLT

Einhvern tíma á síðari hluta sjötta áratugarins kom upp sú hugmynd að ég reisti þingmannaheimili á lóðinni við Bergstaðastræti þar sem Hótel Holt stendur nú. Þetta var komið á nokkurn rekspól, og m.a. fengið til þess samþykki þáverandi þingforseta. Einhvern veginn gufaði þetta upp og ekkert varð af framkvæmdum.

Enda þótt hótelið mitt í Vatnsmýrinni kæmist aldrei lengra en á teikniborð þá hvarf það aldrei úr huga mér að gaman væri að koma upp eigin hóteli. Ég sannfærðist um að ef þingmannaheimili væri talið vel staðsett við Bergstaðastræti þá mætti engu síður reisa þar hótél. Ég fékk Hörð Bjarnason húsameistara ríkisins til að teikna hótelið og réði Gunnar Magnússon, innanhúsarkitekt, til að sjá um innréttingar. Byggingaframkvæmdir hófust í maímánuði 1964.

Grunnflötur byggingarinnar er 440 fermetrar, auk eldhúss og snyrtiherbergja, sem eru á jarðhæðinni. Gestamóttaka er á fyrstu hæð. Þar er einnig veitingastofa og vínstúka. Gistiherbergi eru á þrem hæðum í húsinu. Þau voru upphaflega 36. En árið 1975 stækkaði ég bygginguna, bætti við suðurendann og fékk þar 17 herbergi til viðbótar. Herbergin eru þá alls 53 með samtals 100 rúmum. Í nýbyggingunni fengum við einnig samkomusal á jarðhæðinni. Þann sal nefndum við Þingholt.

Við opnuðum hótelið 12. febrúar 1965. Fyrstu gestir okkar voru þingmenn Norðurlandaráðs, sem komu hingað til fundahalda.

Ég tel að Hótel Holt sé mjög vandað, af því hóteli að vera, sem ekki er í lúxusflokki. Öll herbergin rúmgóð með prýðilegum húsgögnum. Mest áhersla var lögð á góð rúm og góða hreinlætisástöðu. Eldhús er lítið en öllu haganlega fyrir komið. Geymslur eru mjög góðar.

Hið sérstæða við Hótel Holt er það, að allir veggir eru þar prýddir frumgerðum listaverka. Þetta á jafnt við herbergi, veitingasal, anddyri, vínstúku og ganga. Öll eru verkin eftir íslenska listamenn nema þau sem eru í Þingholti. Þar eru mjörg af erlendum uppruna.

Ég tel ástæðu til að geta þriggja listaverka sérstaklega. Fyrst er þar að telja mynd Jóns Stefánssonar, Áning. Þá mynd málaði hann 1934 fyrir hinn fræga veitingastað Frascati í Kaupmannahöfn. Eftir að veitingastaðurinn var lagður niður fór myndin á uppboð í Kaupmannahöfn. Eigandi hennar lét fylgja svo mikla fjárhæð að enginn fékkst til að bjóða. Ég komst síðar að samkomulagi við eigandann, frú Jensen, um kaup á myndinni. Svo lét ég hreinsa myndina upp og smíða um hana ramma. Myndinni var sýndur sá sómi að forstjóri Eimskipafélags Íslands bauðst til að láta flytja hana til Íslands, mér að kostnaðarlausu, og ábyrgðist skipstjórinn á Gullfossi, Kristján Aðalsteinsson, persónulega að hún kæmist óskemmd til mín. Þetta er af mörgum talin ein besta mynd Jóns Stefánssonar.

Þá er að geta málverks Jóhannesar Kjarval, sem hann málaði sérstaklega fyrir íslensku heimssýninguna, sem haldin var í New York 1939-1940. Hún er af Hestagjá á Þingvöllum, og talin ein með allra vönduðustu verkum Kjarvals. Þessa mynd tókst mér að eignast, raunar rásamt fleiri myndum Kjarvals, sem ég keypti samtímis.

Þriðja listaverkið er mynd Ásgríms Jónssonar frá Langjökli og Hvítárvatni. Hann mun hafa málað þá mynd árið 1929 eða 1930. Íslenskar konur gáfu Alexandrínu Danadrottningu málverkið árið 1931. Síðar komst myndin í einkaeign í Danmörku. Ég keypti málverkið árið 1974. Þessi mynd er talin í framstu röð olíumálverka Ásgríms Jónssonar.

Mörg önnur málverk og annars konar góð listaverk eru í hótelinu. Er þar of langt upp að telja. En þessi þrjú tel ég að séu þar í sérflokk.

Fyrstu árin annaðist ég stjórn hótelsins með ágætari aðstoð konu minnar og barna. En smám saman tók sonur minn, Skúli til við að létta af mér störfum. Frá síðustu áramótum hefur hann rekið hótelið sem leigutaki.

Frá öndverðu hefur Kaino Hjálmarsson veitt gestamóttökunni forstöðu og Bjarni Ágústsson verið dyravörður. Aðrir hafa starfað skemur. Nú vinna um 25 manns í hótelinu.

Ég hygg að við höfum frá fyrstu tíð verið með einn fjölbreyttasta matseðil allra veitingastaða á landinu. Við bjóðum nú 65 rétti. Reynt hefur verið að hafa alltaf í boði einhverjar nýngar í matreiðslu.

Veitingasalurinn á Holti er sá eini á landinu, sem hefur viðurkenningu „Chaine des Rotisseurs.“ Það er alls staðar talin full trygging fyrir góðum réttum.

Þó að afkoma hótelsins sé misjöfn eftir árstíðum hefur hún jafnan reynt góð við árleg reikningsskil. Aðsókn er sæmleg í matsal og Þingholt nýtur vaxandi vinsælda til fundarhalds og mannfagnaða. Þar hélt Kekkonen Finnlandsforseti kveðjuveislusína er hann var hér síðast í opinberri heimsókn.

Þessa dagana erum við að gjörbreyta húsakynnum jarðhæðar hótelsins. Við ætlum að stækka gestamóttöku og koma þar upp rúmgóðri setustofu. Því á að verða lokið fyrir 17. júní næstkomandi. Starfsfólkið mun ennig fá aukið og bætt húsrými. Með þessum breytingum tel ég að öll aðstaða breytist mjög til bóta fyrir gesti og starfsfólk. Vona ég að mað þessu síðasta átaki megi segja að framtíð hótelsins sé vel tryggð.

HÓTEL LOFTLEIÐIR

Síðari hluta árs 1964 hringdi þáverandi forstjóri Loftleiða, Alfred Elíasson, til mín. Hann leitaði hjá mér álits á þeirri hugmynd þeirra Loftleiðamanna að koma upp eigin hóteli á Reykjavíkflugvelli. Ég sagði Alfred að mér þætti auðsætt, að ef félagið ætlaði sér að auka verulega fjölda viðdvalargesta sinna hlyti til þess að koma að örðugleikar yrðu á að koma þeim fyrir í hótelum á mestu annatímum að sumarlagi. Þar að auki taldi ég að félaginu myndi það til mikils öryggis að hafa ráð á eigin hóteli vegna annarra gesta. Vegna þessa hvatti ég Alfred fremur en latti til framkvæmdanna, þótt að ég vissi að með hótelyggingu Loftleiða fengi ég skæðan keppinaut við eigin rekstur.

Einhvern tíma seinna hringdi Alfred til mín á ný og spurði mig hvort ég vildi aðstoða þá Loftleiðamenn við byggingu hótelsins og veita hótelinu forstöðu til að byrja með, svo sem hafði verið er Saga var reist. Mér fannst þessi hugmynd strax freistandi, þakkaði traust og bað um umhugsunarfrest. Skömmu síðar tókust með okkur samningar á þeim grundvelli sem Alfred lagði í símtalinu.

Hótelið var teiknað að Ármúla 6 undir stjórn þeirra Gísla Halldórssonar, Josef Reynis og Ólafs Júlíussonar. Danskur hótélarkitekt, Bent Severin, var fenginn til ráðuneytis um innréttingar hótelsins. Páll Flygenring var ráðinn yfirverkfræðingur en

yfirsmiðir Þórður Kristjánsson og Þórður Þórðarson. Af hálfu Loftleiða var Þorvaldur Danielsson mér til aðstoðar.

Byggingin tók svo að rísa með methraða. Snemma var afráðið að hótelið yrði opnað 1. maí 1966. Hinn 30. apríl var öllum framkvæmdum að mestu lokið og hótelið opnað á tilsettum tíma daginn eftir. Fyrstu gestirnir voru hjónin Marie-Louise og Björn Steenstrup aðalræðismaður, framkvæmdastjóri Loftleiða í Svíþjóð. Þeim var fagnað með blómum og kampavíni. Þorvaldur Danielsson reyndist mér með ágætum. Ég tel að án hans aðstoðar hefði aldrei verið unnt að koma hótelinu upp á réttum tíma, þrátt fyrir mikinn dugnað Þórðanna beggja og annarra ágættra manna sem unnu að byggingunni.

Ég eftirlæt öðrum að skrá lýsingu á hótelinu eins og það var reist 1966 og eftir að lokið var þeirri viðbyggingu sem seinna var smíðuð.

Þegar við opnuðum var Emil Guðmundsson móttökustjóri og honum til aðstoðar Geirlaug Þorvaldsdóttir, Karl Finnbogason var yfirmatsveinn, Friðrik Gíslason veitingastjóri, Bertha Johansen gjaldkeri, Robert Goethe var aðstoðarhóteltjóri, skrifstofustjóri Sveinn Gunnlaugsson, sölustjóri Friðrik Theodorsson, yfirþerna Friður Bjarnadóttir, yfirþjónn Bjarni Guðjónsson og hljómsveitarstjóri Karl Lillindahl. Það kom í ljós þegar auglýst var eftir starfsmönnum að mikill skortur var á fólki til margvíslegra starfa. Hins vegar sóttu margir um að verða hóteltjórar. Sýndist mér að fáir þeirra ættu skilið að fá útvalningu, þótt þeir teldu sig kallaða til starfs. Áður en við opnuðum gerði ég ráðstafanir til að margt af væntanlegu starfsfólki fengi þjálfun á Danhóteli í Kaupmannahöfn. Ég held að það hafi reynt hyggilegt.

Eftir að Hótel Borg var reist eru nú einungis fjögur hótél hér í Reykjavík, er hafa verið hönnuð frá grunni sem hótél. Þó má segja að eitt þeirra, Hótel Hekla, hafi verið innréttað á annan veg en þann, sem Lúdvíg Hjálmtýsson ráðgerði, þegar hann lét reisa bygginguna. En, eins og að framan segir, hef ég komið við sögu hinna hótélanna þriggja. Ég tel, að á sínum tíma hafi verið réttlæt看legt að byggja þau öll, að höfuðborginni hafi verið það mikil nauðsyn. Hins vegar er það skoðun mín, að nú sé nægur hótélkostur hér í Reykjavík. Þess vegna er enginn grundvöllur fyrir þeim viðbyggingum sem teiknaðar hafa verið við

Sögu og Esju. Þó að fyrir komi að örðugt reynist stundum að fá inni á hótélum í Reykjavík á mesta annatímanum, er það tímabil svo stutt að hagnaðurinn frá því nægir naumlega til að fleyta hótélunum fjárhagslega yfir mögru mánuðina. Sama er að segja um veitingastaði. Þó að það hafi valdið mikilli fjölbreytni hve ört þeim hefur fjölgað að undanfögnu, efast ég um að rekstrargrundvöllur þeirra allra sé nægjanlegur til þess að fjölbreytnin reynist ekki of dýru verði keypt.

Ég tel að hótél- og veitingastarfsemin hafi auðgað líf mitt og veitt mér ómældar ánægjustundir. Ég hef alltaf haft gaman af að veita þjónustu, og til þess eru ærin verkefni í hótél- og veitingarekstri. Ég hef einnig haft af því gleði að fá að byggja fyrirtæki upp frá grunni. Og til þess hef ég sannarlega fengið mörg tækifæri. Ef ég ætti að hefja lífsstarfið á ný er mjög trúlegt að ég myndi fremur reyna að velja mér veitingamennsku en mörg önnur störf, sem ég hef þó verið svo heppinn að geta einnig rækt, mér til mikillar ánægju og lífsfyllingar.

Að því ervarðar hótél- og veitingarekstur myndi ég þó segja ungum mönnum, sem leituðu ráða hjá mér vegna framtíðarstarfa, að til þeirra verka þarf að ætla annan og lengri starfstíma en þann, sem nú almennt er talinn hæfilegur vinnudagur. Forstjóri þess hótél- og veitingareksturs sem á að verða arðbær, verður að vera þess albúinn að fóna starfinu öllum þeim tíma, sem hann hefur yfir að ráða. Það er, að mínu viti, frumskilyrði farsældar í hótél- og veitingarekstri.

Það fer e.t.v. ekki illa á því að ljúka frásögn af veitingaferli mínum með því að rifja upp nokkur minnisatriði frá tveim stórveislum sem ég skipulagði. Fyrri veisluna nefndum við stundum í gamni „Tonnið“ hina síðari „Veislu aldarinnar“.

Saga um þá fyrri er þessi: Í ágústmánuði 1968 var haldin hér norræn byggingaráðstefna „Nordisk Byggedag“. Hana sóttu um 1000 manns. Tveir íslenskir forystumenn ráðstefnugesta, Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins og Hjörtur Hjartarson, forstjóri J. Þorláksson & Norðmann, komu til mín og spurðust fyrir um það hvort ég vildi taka að mér að sjá um fyrir þá 1000 manna kveðjuhóf í Laugardalshöllinni. Það varð að ráði.

Lokahófið var haldið í Laugardalshöllinni að kvöldi 28. ágúst 1968. Áður höfðum við smalað saman skólaborðum, stólum og borðbúnaði.

Við drögum svo mikið af matföngum til veislunnar að samanlagður þungi þeirra var talinn eitt tonn. Þess vegna nefndum við stundum veisluna okkar í milli „tonnið“.

Gestir fengu kalt borð með einum heitum rétti. Veislan þótti takast með ágætum. Einungis var um kvöldverð að ræða, sem sæmilega auðvelt var að framreiða. Ég sannfærðist um að með góðum undirbúningi væri unnt að halda í Laugardalshöll veislu með heitum réttum og öðrum þeim veitingum sem ríkulegastar má hafa uppi í mannfagnaði. En nokkur bið varð þó á að ég fengi tækifæri til að sannreyna hvort sú hugmynd stæðist próf reynslunnar.

Meðan hér var háð heimsmeistarakeppni í skák sumarið 1972 komu fyrirliðar keppinnar til mín og spurðu hvort ég vildi skipuleggja fyrir þá lokahóf í Laugardalshöll þar sem fram væru bornar ríkulegar veitingar og dansað að loknum kvöldverði. Var í öndverðu talað um að þetta yrði eins veglegt og unnt væri og stefnt til að hófið mætti með réttu kallast „Veisla aldarinnar“.

Um þetta varð samkomulag okkar í milli. Ég hóf undirbúning veislunnar, m.a. með því að láta útbúa „grill“ þar sem ég gæti glóðarsteikt heila lamba- og svínaskrokka. Ég fékk mér tvær 200 lítra ámur. Þeim kom ég fyrir í veislusalnum og blandaði í þær drykk, sem ég nefndi „Vikingablóð kælt með ís úr Vatnajökli“. Fyrir framreiðslufólkið fékk ég víkingahjalma með hornum. Ég lét setja skákmerki, tvo menn að tafli, á pappadiska og hnífapör. Með þeim lagði ég bréfpoka. Var til þess ætlast að gestir gætu tekið borðbúnaðinn með sér heim til minja. Sama áletrun var á drykkjarhornum úr plasti. Var þeim einnig ætlað að verða minjagripir.

Þegar borðhaldið hófst gengu gestir með diska sína til glóðarsteiktu kjötskrokkanna þar sem steikningamenn stóðu og skömmtuðu. Fylgdu með salöt og sósur. Menn renndu svo réttum niður með Vikingablóði. Gekk þetta svo greiðlega að sjálfu borðhaldinu lauk á fimm stundarfjórðungum. Dansað var að kvöldverði loknum. Hljómsveit Carls Billich lék undir borðum og fyrir dansi.

Svo að við rifjum upp dagskrána þá hófst hún með setningarræðu Guðmundar G. Þórarinssonar, forseta Skáksambands Íslands. Var óður FIDE leikinn að ræðunni lokinni. Þá lýsti Lothar Schmid, aðaldómari úrslitum einvígisins. Dr. Euwe, forseti FIDE, krýndi hinn nýja heimsmeistara, Robert Fischer. Þá afhenti

Guðmundur G. Þórarinsson verðlaun Skáksambands Íslands. Að því búnu flutti fjármálaráðherra, Halldór E. Sigurðsson, ræðu. Svo var stigin dans.

Um 1000 manns sóttu þessa veislu, sem var haldin sunnudagskvöldið 3. september 1972. Hún var manna í milli lengi nefnd „Veisla aldarinnar“. Þó að um það megi eflaust lengi deila hvaða veislu beri réttilegast það heiðursheiti þá munu allir, sem þessa veislu sátu, sammála um að hún hafi í alla staði bæði verið ágæt og eftirminnileg. Að fjölmenni og öllum íburði munu, enn sem komið er, engar veislur hér á landi hennar jafnokar. Hún er mér einna eftirminnilegust af öllum þeim veislum sem ég hef haldið. Þess vegna tel ég vel fara á að ljúka með þættinum um hana þeirri frásögn af veitingaferli mínum, sem geymd verður í vörslu S.V.G.“

MINNISATRIÐI UM HÓTEL SÖGU

Eftir samtal við Þorvald Guðmundsson um aðstoð hans við byggingu Hótel Sögu og hótélstjórn þar, taldi ég rétt að skrá nokkur minnisatriði, er varða byggingarsögu hótelsins. Í því skyni hafði ég tal af Ólafi E. Stefánssyni, ráðunaut, sem er kunnugur sögu byggingarinnar og á nú sæti í stjórn Bændahallarinnar. Ólafur vað góðfúslega við tilmælum mínum um að gefa þær upplýsingar, sem ég taldi rétt að fá og nauðsynlegt að varðveita með frásögn Þorvalds Guðmundssonar.

Árið 1906 reisti Búnaðarfélag Íslands hús fyrir starfsemi sína við Lækjargötu 14-B. Búnaðarfélagshúsið virðist hafa nægt félaginu næstu tæpu tvo áratugina. En á Búnaðarþingi árið 1925 er stjórn Búnaðarfélagsins falið að kanna möguleika á að selja húseignina og byggja annars staðar hús sem fullnægði betur þörfum félagsins. Eftir þetta virðist ekkert markvert gerast í byggingamálum félagsins fyrr en á Búnaðarþingi árið 1941. Þá flytur Hafsteinn Pétursson á Gunnsteinsstöðum tillögu um það frá Búnaðarsambandi Húnavatnssýslu, að komið verði upp „gistiheimili fyrir bændur“ í Reykjavík. Á sama þingi er borin upp tillaga frá Sigurði Jónssyni á Stafafelli í Lóni. Þar segir:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að taka til rækilegrar athugunar húsnæðismál félagsins og leggja tillögur sínar fyrir næsta Búnaðarþing. Í því sambandi beinir Búnaðarþing því til stjórnarinnar að athuga um, hvort ekki sé unnt að gera þá bráðabirgðabreytingu

á húsi félagsins að með því yrði bætt úr aðkallandi þörf fyrir Búnaðarfélagið. Leiði athuganir stjórnarinnar að öðru leyti til þess að nýtt hús skuli byggt skal þess gætt að jafnframt því að vera höfuðsetur og heimili Búnaðarfélags Íslands geti það einnig orðið aðsetur og samkomuhús bænda og þannig orðið miðstöð allrar kynningar- og félagsstarfsemi þeirra í höfuðstað landsins.“

Í meðferð Búnaðarþings var meginefni tillagnanna tveggja fellt saman og ályktun samþykkt um byggingamál. Upphaf hennar er þetta:

„Búnaðaring ákveður, að svo fljótt sem fært þykir vegja núverandi dyrtíðar, þá komi Búnaðarfélag Íslands upp byggingu í Reykjavík fyrir skrifstofur sínar, Búnaðarþing og aðra nauðsynlega starfsemi. Fáist nægilegur stuðningur annars staðar að skal í byggingu þessari halda uppi ódýru gistiheimili fyrir sveitamenn, aðstöðu til matsölu og húsrými til fundahalda.“

Síðar í ályktuninni er bent á leiðir, sem þingið mælir með að farnar séu að því stefnumarki, sem sett er í upphafi, byggingu miðstöðvar í Reykjavík fyrir bændasamtökin í landinu.

Næst er málið tekið fyrir á Búnaðarþingi 1947. Þá er samþykkt að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð var 1941, og tveir menn kosnir til að vinna að málinu með stjórn Búnaðarfélags Íslands. Það voru þeir Bjarni Bjarnason að Laugarvatni og Ólafur Bjarnason í Brautarholti. Með kosningunni er lagður grunnur þeirrar bygginganefndar, sem síðar var skipuð, en í henni áttu þeir báðir sæti, Bjarni og Ólafur. Auk þeirra skipuðu nefndina Þorsteinn Sigurðsson, sem var formaður hennar, Pétur Ottesen, Gunnar Þórðarson og Sæmundur Friðriksson.

Árið 1947 fékk Búnaðarfélag Íslands byggingarlóð milli Sölvhólsgötu og Skúlagötu. Horfið var frá að byggja þar. Hinn 26. október 1948 fékk félagið lóð við Hagatorg þar sem Bændahöllin stendur nú.

Árið 1953 gerðist Stéttarsamband bænda aðili að væntanlegri húsbbyggingu bændasamtakanna. Með stofnun Búnaðarmálasjóðs árið 1945 var Stéttarsambandi bænda tryggður tekjustofn. M.a. vegna þess var Búnaðarfélagi Íslands styrkur að liðveislu Stéttarsambandsins. Var í öndverðu ákveðið að eignarhlutfall Stéttarsambandsins í byggingunni skyldi verða 1/3 en Búnaðarfélags Íslands 2/3.

Búnaðarfélag Íslands átti nokkurn byggingasjóð. Hann nam tæpum 800 þúsundum króna í árslok 1951. Sama ár seldi Búnaðarfélagið ríkinu jörðina Sámssstaði í Fljótshlíð. Það átti þá óselda húseign sína við Lækjargötu, sem síðar var seld.

Þar sem annars vegar var auðsætt, að mörgum lék hugur á að byggja veglegt húsnæði við Hagatorg, og hins vegar ljóst, að hvorki Búnaðarfélag Íslands né Stéttarsamband bænda gætu, að óbreyttum fjáröflunarmöguleikum, lagt fram nauðsynlegt fé, var gripið til sérstakrar skattlagningar til fjármögnunar fyrirhugaðra byggingaframkvæmda samtakanna. Árið 1959 var samþykkt á Alþingi að breyta gildandi lögum um Búnaðarmálasjóð þannig, að á árunum 1958 til 1961, að báðum meðtöldum, skyldi greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðararfurða. Skyldi það renna til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skyldi skipta fénu milli félaganna í hlutfallinu tveir á móti einum. Sömu lögum var síðar breytt, og gjaldið framlengt árin 1962-1965, að báðum meðtöldum. Enn eru lögin framlengd vegna árána 1966-1967, og að lokum var bráðabirgðaákvæði sett um sama efni fyrir árin 1968-1969, en þá var viðbótargjaldið einungis ákveðið ¼%. Þannig var gjaldið innheimt í 12 ár, ½% fyrstu tíu árin og ¼% síðustu tvö árin. Alls nam þessi fjárhæð frá upphafi samtals kr. 68.06.009,- Var hlutur Búnaðarfélags Íslands kr. 45.404.006,- en Stéttarsambands bænda kr. 22.702.003,-

Hér við bætast önnu framlög félaganna. Segir Ólafur E. Stefánsson að samtals hafi fjárfrelög samtakanna tveggja numið í árslok 1968 kr. 102.214.569,- (Búnaðarfélag Íslands kr. 68.383.046,-, Stéttarsamband bænda kr. 34.131.523,-) Auk þess voru tekin lán til byggingaframkvæmdanna. Hinn 3. febrúar 1965 ritar framkvæmdastjóri byggingarinnar, Sæmundur Friðriksson, grein í Búnaðarritið þar sem hann segir að í árslok 1964 sé heildarkostnaður við byggingu Bændahallarinnar orðinn um 130 milljónir króna.

Snemma árs 1964 skilaði bygginganefndin af sér störfum. Þá var skipuð stjórn Bændahallarinnar. Í hana voru valdir, Þorsteinn Sigurðsson og Ólafur E. Stefánsson frá Búnaðarfélagi Íslands, Gunnar Guðbjartsson og Einar Ólafsson frá Stéttarsambandi bænda og frá

fjármálaráðuneytinu Halldór H. Jónsson. Að Þorsteini látnum tók Hjörtur E. Þórarinnsson sæti hans í stjórninni.

Minnispunktur um Hótel Loftleiðir.

Árið 1964 ákvað stjórn Loftleiða að reisa hótél við skrifstofubyggingu félagsins á Reykjavíkflugvelli. Skyldi það rísa á grunni, sem upphaflega var tekinn vegna væntanlegrar flugstöðvarbyggingar, sem horfið var frá að byggja. Fullnaðarákvörðun um þetta var tekin á stjórnarfundi félagsins 4. nóvember 1964. Segir svo í gerðabók:

„Var stjórnin öll á einu máli um að vinna að hótélbyggingu, er skyldi verða lokið vorið 1966“.

Vinna hófst hinn 28. nóvember 1964. Var strax uppúr áramótum 1964/65 byrjað að vinna af því mikla kappi, sem einkenndi síðan alla framkvæmd verksins uns því lauk 30. apríl 1966, um fimmtán mánuðum eftir að það var hafið. Auk innlendra sérfræðinga og iðnaðarmanna unnu nokkrir útlendingar einnig að byggingunni, t.d. belgískir iðnaðarmenn, er settu upp útveggi, sem keyptir voru að hluta frá Belgíu. Þá smíðaði annað belgískt fyrirtæki milliveggi, gluggaumgerðir og fleira.

Daginn áður en hótelið var opnað var haldið um 1500 manna gestabóð í hinum nýju salarkynnum. Voru hópar boðsgesta tvískiptir.

Sundlaug hótelsins var vígð af hinum gamla og góðkunna sundkappa Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni.

Allar vistarverur, sem nú eru í eldri hluta hótelsins, voru tilbúnar 1. maí 1966. Rakarastofa, sem síðar var flutt í kjallara nýbyggingarinnar og minjagripaverslun, sem einnig er nú í kjallara hennar, voru þá innar af anddyri hótelsins. Eldri hluti hótelsins, kjallari og fjórar hæðir, var reistur á 1600 fermetra grunnfleti. Í hótelinu eru 108 gistiherbergi.

Árið 1972 byggðu Loftleiðir álmu við hótelið sunnanvert. Hún myndar, ásamt aðalbyggingu og skrifstofubyggingu, sem er að norðanverðu, skeifulaga samstæðu. Jarðhæð nýju álmunnar var sérstaklega hönnuð vegna væntanlegs ráðstefnuhalds.

Ég hitti að máli forstjóra Hótel Loftleiða, Emil Guðmundsson.

Sameiginlega rifjuðum við upp nokkur minnisatriði, sem varða Hótel Loftleiðir:

Nyrsta vistarveran á jarðhæð Loftleiðahótelsins er veitingastofan Snorra-búð, sem rúmar 60 manns í mat. Þá er Víkingasalur, þar sem sæti eru fyrir 270 manns. Tengd salnum er vínstúkan

Vínlandsbar, sem rúmar 80 manns. Innaf Víkingasal er veitingastofan Blómasalur. Sæti eru þar fyrir 130 manns. Þá er komið að Leifsbúð. Þar rúmast 80 manns. Salnum má skipta í tvennt með vængjahurð. Andspænis Leifsbúð er Vínlandsbar, sem rúmar 110 manns. Þjónaafgreiðslan og uppþvottaadstaðan er að baki Blómasal og Víkingasal.

Í forstofu, sem einnig er setustofa, er gestamóttaka hótelsins. Í forstofu norðanverðri er afgreiðsla Kynniserferða, sem annast m.a. flutning farþega Flugleiða milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Gengið er inn í skrifstofur forstjóra frá forstofunni norðanverðri. Aðrar skrifstofur hótelsins eru að baki gestamóttöku, Áhafnaherbergi er næst skrifstofu hótelsstjóra. Við hlið þess er Guðríðarbúð, lítill veitingasalur, sem rúmar 20 manns. Innar af Guðríðarbúð, er 30 manna veitingasalur, daglega nefndur Stjórnarherbergi. Nyrst í nýju álmunni er veitingabúð, þar eru sæti fyrir 110 gesti. Að baki veitingabúðar er eldhús, geymslur og skrifstofa deildarstjóra veitingabúðar. Næst veitingabúð er Kristalsalur, sem skipta má í þrennt. Ef stólu er raðað án borða eru sæti fyrir 300 manns. Við borð geta 200 manns setið í Kristalsal. Næst er forstofa nýju álmunnar. Er þaðan gengið inn í kvikmyndasál. Framan leiksviðs eru sæti fyrir 100 manns.

Ef áfram er haldið kynnisferð og gengið um kjallarann frá norðri er fyrst þvottahús hótelsins. Þá koma birgðageymslur og skrifstofa birgðavarðar. Innar í gangi eru vingeyslur og þvottageymsla. Næst er aðsetur viðgerðarmanna hótelsins. Þá er komið að mótuneyti starfsmanna. Innar af því er eldhús, bakarí og matvælageymslur. Í nýju álmunni er prentstofa Flugleiða, geymslur hótelsins og þrjár skólastofur, sem rúma samtals 120 manns.

Frá aðalandyri er gengið niður til sundlaugar og gufubaðs í kjallara. Á því svæði er einnig hárgreiðslustofa og snyrtistofa. Frá auastanverðu anddyri er gengið niður í minjagripaverslun. Innar af henni er rakarastofa.

Á annarri, þriðju og fjórðu hæð eru gistiherbergin, alls 218, sem geta öll verið tveggja manna. Setustofur eru á öllum hæðunum þrem.

Grunnflötur allrar byggingarinnar er 2828 fermetrar. Rúmmál hennar er 44.500 rúmmetrar.

Á sunnanverðum vegg tengibyggingar milli hótels og skrifstofubyggingar er 80

fermetra mosaikmynd Nínu Tryggvadóttur. Framan aðalbyggingar hótelsins er höggmynd Ásmundar Sveinssonar, „Gegnum hljóðmúrinn“.

Þorvaldur Guðmundsson var hótelsstjóri til 1. febrúar 1967. Þá tók Stefán Hirst lögfræðingur við því starfi. Erling Aspelund var hótelsstjóri frá 15. mars 1969 til 1. júlí 1979. Þá tók núverandi hótelsstjóri Emil Guðmundsson, við þeim störfum sem hann gegnir nú.

Af þeim, sem hófu störf hjá Hótel Loftleiðum 1. maí 1966, eru eftirgreindir þar enn í vinnu, þegar þetta er ritað, um miðjan febrúarmánuð 1981.

Bertha Johansen gjaldkeri, Erla Bjarnadóttir, nú yfirþerna, Bjarni Guðjónsson, nú barþjónn, Sigurður Brynjólfsson veitingaþjónn og Emil Guðmundsson, nú hótelsstjóri.

HANDBÓK STARFSFÓLKS HÓTEL LOFTLEIÐA

Enda þótt e.t.v. megi segja, að þáttur um handbækur eigi fremur heima í sérstökum kapitúla um menntun veitingafólks en í þeim þætti Hótels Loftleiða, sem skráður er í framhaldi af veitingasögu Þorvalds Guðmundssonar, þá kys ég fremur að varðveita þennan þátt hér nú en að geyma að skrá hann, þar sem ég óttast að það kunni e.t.v. að gleymast. Til þess má ekki koma. Þess vegna verður hér rituð frásögn Emils Guðmundssonar. Hann sagði:

„Þegar ég kom hér til starfa, síðast frá stöðvarstjórn fyrir Loftleiðir á Kastrupflugvelli, varð mér ljóst að starfsliðið hér hafði aldrei fyrir unnið við gestamóttöku, og kunni af þeim sökum lítið til verka. Ég tók mig þess vegna til og skrifaði lítið leiðbeiningakver fyrir starfsfólk gestamóttökunnar. Þessu var mjög vel tekið. Það varð til þess að ég ákvað að skrá smám saman leiðbeiningar fyrir starfsfólkið í öllum deildum hótelsins. Ég mun hafa lokið við það 1967. Þannig varð handbókin til í fyrstu gerð. Hún er með númeruðum lausblöðum, sem eru endurrituð, gömlum blöðum fleygt og ný sett í þeirra stað.“

Eftir að ég var búinn að skrifa leiðbeiningar efndi ég til námskeiða, fyrst eingöngu fyrir starfsfólk í gestamóttöku, síðar einnig fyrir aðra. Á þessum námskeiðum voru vandamálin einnig rædd, og vitalega leiddu þær umræður oft til þess að skipta varð um blað í handbókinni. Lengd námskeiðanna er misjöfn, frá fjórum

upp í sextán klukkustundir. Þau hafa verið haldin tvisvar á ári, jafnt fyrir nýliða sem eldri starfsmenn.

Allir nýir starfsmenn fá við ráðningu lánað eintak handbókarinnar. Þeir verða að skila því innan tveggja vikna. Eintak handbókar er jafnan í vörslu allra deildarstjóra hótelsins.

Nokkrum sinnum hef ég fengið mér til aðstoðar við kennsluna amerískan kennara í hótelfræðum, Daniel Dorf frá Cornell-háskóla. Hann hefur stundum komið hingað frá Ameríku með nemendur sína. Auk þessa manns hafa eftirgreindir leiðbeint á sumum námskeiðum mínum: fulltrúi frá eldvarnareftirliti, Jón Oddgeir Jónsson um slysavarnir og Konráð Adolphsson frá Dale Carnegie.

Handbókin er bæði skráð á íslensku og ensku. Ástæðan til þess að hún er einnig gefin út á ensku, er aðallega sú, að samkvæmt ósk markaðsdeildar Flugleiða er handbókin nú send til sölustjóra Flugleiða víðs vegar erlendis. Auk þess er flestum starfsmönnum Flugleiða nauðsynlegt að kunna ensku heiti á því helsta sem fyrir ber á verksviði þeirra.

Handbókinni er skipt í níu kafla. Þeir eru þessir:

- 1) *Yfirlit. Almenn lýsing á hótelinu.*
- 2) *Starfahýsingar.*
- 3) *Hvað skal gera í neyðartilvikum.*
- 4) *Skráningar á ráðstefnum.*
- 5) *Hagkvæmar upplýsingar, er varða ráðstefnur.*
- 2) *Móttaka gesta og innritun þeirra,*
- 2) *Skrár gestamóttöku og skýrslugerðir.*
- 3) *Um innritun ráðstefnuhópa.*
- 4) *Útgáfa „stopover“ – miða.*
- 5) *Herbergjapernur. Skýrslugerðir.*
- 6) *„Í dag á Hótel Loftleiðum“ – hagnýtar upplýsingar til gesta.*
- 7) *Störf gjaldkera, („kassinn“).*
- 3) *Upplýsingar um eldvarnir.*
- 4) *Einkennisföt starfsfólks.*
- 5) *1) Ferðaskrifstofumenn (afslættir)*
- 2) *Lánskort („credit-cards“)*
- 3) *Almennt um afslætti.*
- 4) *Leigusamningar.*
- 5) *Tækjaleiga.*
- 6) *Samningar við einstaklinga.*
- 6) *Þjónustuvísun („Service-Order“).*
- 7) *Skeytaskammstafanir Flugleiða.*
- 8) *Kynniserferðir.*
- 9) *1) Algengustu skammstafanir í ferðamálu („Glossary of Terms. Travel Industry“).*
- 2) *Bilaleiga Flugleiða.*

Eftir að Flugleiðir eignuðust Hótel Esju hefur starfsfólk þess hótels stundum sótt námskeið mín.

Ég tel að þetta námskeiðahald hafi reynst okkur mjög vel. Þessa kennslu er hvergi annars staðar unnt að fá. Hún er mikið öryggisatriði. Síðast en ekki síst hefur hún orðið til þess að efla samvinnu milli allra deilda og bætt samskipti milli starfsfólks og stjórnenda.

Enn er ég að endurbæta handbókina og breyta henni til samræmis við nýjar aðstæður. Verð eru t.d. mjög breytileg. Eyðublöð breytast líka, en ljósrit af þeim er að finna í handbókinni.

Nú, eftir að við er um búin að nota handbókina í nokkur ár og skiptast á skoðunum á námskeiðum, er mér næstum óskiljanlegt hvernig starfsfólk hótela getur komist af án þeirra leiðbeininga, sem veittar eru í handbókinni. Á það vitalega einkum við nýliða, sem geta ekki orðið að fullu liði án þess að afla sér þekkingar, sem stundum er ekki unnt að fá nema með lærdómi af mistökum, sem oft geta verið örlagarík. Þó að ég nefni þetta sérstaklega í sambandi við hótélrekstur á þetta, því miður, einnig við um margar aðrar starfsgreinar. Víða kann fólk hvorki skil á eigin verkum né annarra í nánasta umhverfi sínu, þegar það kemur fyrst til starfa. Úr því er áreiðanlega hyggilegt að bæta með leiðbeiningum frá þeim sem eldri eru og reyndari í störfum. Til þess er í mörgum tilvikum hyggilegt að nota handbækur og námskeið. Það er a.m.k. mjög hyggilegt í hótél- og veitingarekstri“.*